

Samkomulag

Ríkisstjórn Bandaríkjanna og ríkisstjórn Íslands hafa,

með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á öryggismálum í heiminum,

í ljósi brottflutnings Bandaríkjahers frá tilteknum varnarsvæðum og mannvirkjum á Íslandi og samnings ríkjanna um þann brottflutning, sem undirritaður var (dags.), þ.e. samnings milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og lýðveldisins Íslands um brottflutning Bandaríkjahers frá tilteknum varnarsvæðum og mannvirkjum á Íslandi og um skil þeirra svæða og mannvirkja til Íslands, og

í kjölfar samráðs varðandi framtíð varnarsamstarfs ríkjanna og staðfestingar þeirra á áframhaldandi skuldbindingum þeirra í varnarsamningi milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins sem undirritaður var í Reykjavík 5. maí 1951,

náð eftirfarandi samkomulagi um aðgerðir sem munu verða til þess að styrkja tvíhliða varnarsamstarfið og leggja traustan grundvöll að framtíðarsamstarfi ríkjanna á sviði varnar- og öryggismála:

1. Ísland og Bandaríkin hafa átt samráð um varnaráætlun fyrir Ísland sem Bandaríkin hafa samið. Ísland samþykkir áætlunina sem gerir ráð fyrir því að varnir Íslands sé tryggðar með öflugum og hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla og að hún sé studd bandarískum hernaðarmætti eftir því sem þörf krefur.
2. Bandaríkin og Ísland hafa gert ráðstafanir til þess að tryggja hröð og skilvirk samskipti milli stjórnvalda á hættutímum, þar á meðal við hernaðaryfirvöld eftir því sem þörf er á.
3. Bandaríkin ætla að halda árlega tvíhliða og/eða fjölþjóðlegar heræfingar á íslensku landsvæði og í íslenskri lofthelgi og landhelgi, að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda.
4. Bandaríkin og Ísland vísa til þess að Bandaríkin standa að samningsgerð við Ratsjárstofnun og Símann um rekstur fjögurra ratsjárstöðva íslenska loftvarnakerfisins fram til 15. ágúst 2007. Ísland og Bandaríkin hyggjast á því tímabili ræða tvíhliða og við Atlantshafsbandalagið um fjármögnun og fyrirkomulag íslenska loftvarnakerfisins og hvernig framtíðarrekstur þess kynni að styðja aðgerðir og æfingar bandalagsins. Í viðræðunum ber jafnframt að meta hvernig íslenska loftvarnakerfið gæti nýst Atlantshafsbandalaginu á annan hátt.

5. Til þess að stuðla að áframhaldandi nánun samstarfi um mál er varða varnir Íslands ætla Bandaríkin og Ísland að koma á reglubundnu samráði um öryggismál, sem felur meðal annars í sér:

a. reglulegar viðræður á æðri stigum um öryggismál, í því skyni að fjalla um ástand öryggismála í heiminum, þróun mála á Norður-Atlantshafssvæðinu og varnarþarfir Íslands;

b. að tengt þeim viðræðum munu fara fram viðræður sérfræðinga um öryggismál, jafnt hernaðarleg sem önnur öryggismál. Umræðuefni væru meðal annars samstarf og gagnkvæm upplýsingamiðlun á sviði hryðjuverkavarna, löggæslu, landamæraeftirlits og öryggis á hafinu;

c. frekari reglubundna gagnkvæma upplýsingamiðlun og heimsóknir sérfræðinga, auk afhendingar viðeigandi hernaðarlegra upplýsinga, með milligöngu hernaðarfulltrúa bandaríska sendiráðsins á Íslandi.

6. Ísland hyggst skipa fulltrúa sem annist tengsl við bandarísk hernaðaryfirvöld til þess að útvega upplýsingar um hernaðarleg málefni og aðrar upplýsingar eftir því sem þörf krefur.

7. Bandaríkin og Ísland ætla að kanna leiðir til þess að auka samstarf milli bandarísku Strandgæslunnar og Landhelgisgæslunnar með æfingum, þjálfun og starfsmannaskiptum. Að auki er til skoðunar að bandaríska strandgæslan annist þarfagreiningu varðandi þjálfun Landhelgisgæslunnar og kaup hennar á búnaði. Bandaríkin og Ísland ætla einnig að ræða frekar þátttöku Íslands í aðgerðum sem fara fram samkvæmt samningi milli Bandaríkjanna, Bretlands og Kanada frá 1999 um leit og björgun.

8. Bandaríkin og Ísland ætla að auka og styrkja samtarf á sviði löggæslu og landamæraöryggis til þess að hamla gegn og verjast ógnum sem steðja að báðum ríkjunum frá alþjóðlegum hryðjuverkum, þar með talið með æfingum, þjálfun og starfsmannaskiptum milli lögregluliða ríkjanna, sérsveita Bandaríkjahers og sérsveitar íslensku lögreglunnar, auk stofnana sem koma að innflytjendamálum, tollgæslu og landamæragæslu, sem og milli Alríkislögreglu Bandaríkjanna og viðeigandi opinberra aðila á Íslandi.

Undirritað í _____, hinn _____ 2006.

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
BANDARÍKJA AMERÍKU:

FYRIR HÖND RÍKISSTJÓRNAR
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS: